

**3415. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
5. maí 2020 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fyrir tekið:

1. 2005036 - Grásleppuveiðar 2020 - ákvörðun ráðherra mótmælt

Samkvæmt reglugerð um atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem útgefin var 30. apríl síðastliðinn voru grásleppuveiðar bannaðar frá og með miðnætti aðfararnótt sunnudagsins 3. maí síðastliðinn

Bæjarráð Akraness tekur undir með félagsmönnum í smábátafélaginu Sæljóni á Akranesi og mótmælir fordæmalausri ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að stöðva grásleppuveiðar með alltof skömmum fyrirvara.

Bæjarráð Akraness bendir á að misvægi er á milli landshluta hvað varðar grásleppuveiðar og gerir þá kröfu að ráðherra endurskoði ákvörðun sína þannig að jafnræðis verði gætt.

*Elsa Lára Arnardóttir
Valgarður Lyngdal Jónsson
Rakel Óskarsdóttir*

Áskorunin er send ráðherra og þingmönnum norðvesturkjördæmis.

Fundarmenn samþykkja fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.